



E 4/2017

Fyrirspyrjandi Hanna Kosonen (cent) og Irene Johansen (A)
Til Norrænu ríkisstjórnanna

Til Norrænu ríkisstjórnanna

Skrifleg fyrirspurn um fjölgun hleðslustöðva í löndunum og þróun á sameiginlegum hleðslustaðli

Samgöngur valda um 30% allrar losunar gróðurhúsalofttegunda á Norðurlöndum. Mikilvæg eftirfylgni Parísarsamkomulagsins frá 2015 eru aðgerðir, sem geta dregið úr losun frá samgöngum. Norðurlönd geta tekið höndum saman um að efla framleiðslu og notkun útblásturslausra bifreiða. Rammaskilyrði fyrir útblásturslausar bifreiðir eru mismunandi eftir löndunum, en mikilvægt er að tryggja að bifreiðaeigendur geti gengið að hleðslustöðvum í löndunum. Myndi það efla útblásturslausar samgöngur fólks á Norðurlöndum og hafa jafnframt góð áhrif á umhverfi okkar og andrúmsloft og afnema stjórnsýsluhindrun.

Með hliðsjón af framangreindu beinum við, fyrir hönd norrænu sjálfbærnefndarinnar, eftirfarandi fyrirspurn til norrænu ríkisstjórnanna:

- Hvaða áform hafa ríkisstjórnir Norðurlanda um að fjölga hleðslustöðvum fyrir samgöngur á láði og legi (ferjur) í þeim tilgangi að efla útblásturslausar tækni? Hyggjast ríkisstjórnirnar hleypa auknum krafti í fjölgun hleðslustöðva með því að setja sér sameiginlegt markmið um hvenær búið verði að koma upp nægilegum fjölda hleðslustöðva á Norðurlöndum?
- Hafa löndin samstillt áform sín varðandi tæknistaðla, styrki og tímasetningar?
- Telja ríkisstjórnirnar hentugt að hafa sömu hleðslustaðla á Norðurlöndum, til dæmis fyrir rafknúnar bifreiðir, almenningsvagna og ferjur? Ef svo er, hyggjast þær þá þróa sameiginlegan norrænan staðal?

14. febrúar 2017

*Hanna Kosonen (cent)**Irene Johansen (A)*